



Fundargerð 4. fundar stjórnar SSA haldinn 11. desember 2020

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 14:00

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir og Sigríður Bragadóttir. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 3. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – *Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og verður undirrituð rafrænt.*
- 1.2 Fundargerð Byggðamálaráðs (12,13) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*
- 1.3 Hallormsstaðaskóli – ný námsbraut samþykkt – *Formaður lagði fram til kynningar bréf frá Hallormsstaðaskóla um nýja námsbraut.*

2. Innra starf SSA

2.1 Sóknaráætlanir

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður úthlutunarnefndar úr Uppbyggingarsjóði fyrir árið 2021. Alls bárust 118 umsóknir og voru 57,8 milljónir til úthlutunar. Framkvæmdastjóri og formaður sögðu frá fundi landshlutasamtakanna með stýrihópi stjórnarráðsins þann 8. desember.

2.2 Byggðaaætlun

- *Framkvæmdastjóri sagði frá úthlutun C1 verkefna. Austurbrú sendi inn tvær umsóknir og fékk annað verkefnið úthlutað. Verkefnið ber heitið: „Áfangastaður starfa án staðsetningar“.*
- *Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála í C9 verkefninu*
- *Framkvæmdastjóri sagði frá því að erindið um nýja svæðisskipulagsnefnd hefði verið kynnt til sveitarfélaganna. Sveitarfélögin þurfa nú að velja 1-2 fulltrúa í nýja nefnd.*
- *Uppfærðar starfsreglur – til samþykktar. Framkvæmdastjóri lagði fram til samþykktar uppfærðar starfsreglur svæðisskipulagsnefndar og voru þær samþykktar af stjórn.*

2.4 Almenningsgöngur

- *Boðuð aðalmeðferð máls. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Málið verður tekið fyrir 14. desember*

3. Lögreglan á Austurlandi

Gestur fundarins var Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Formaður bauð Margréti Maríu velkomna á fundinn og gaf henni orðið. Umræður um aðbúnað lögregluembættisins á Austurlandi og mönnun starfa.
Formaður þakkaði Margréti fyrir komuna með von um frekara samstarf.

4. Heilbrigðisstofnun Austurlands

Gestur fundarins var Guðjón Hauksson forstjóri HSA.
Formaður bauð Guðjón velkominn á fundinn og gaf honum orðið.
Guðjón sagði frá því sem hæst bar í rekstri HSA á líðandi ári. Þrátt fyrir allar þær áskoranir sem fylgdu covid sagði hann árið hafa gengið vel heilt yfir.
Formaður þakkaði Guðjóni fyrir fundinn og var ákveðið að formaður og varaformaður myndu funda aftur með Guðjóni og samstarfsfólki í upphafi nýs árs. Framkvæmdastjóra falið að finna tímasetningu með Guðjóni.

5. Önnur mál

Engin önnur mál, fundi slitið kl 16:15.